



Alþingi  
Erindi nr. P 127/2177  
komudagur 21.5.2002

## Norræna félagið

— NORDEN —

Til Nefndarsviðs Alþingis

### Varðandi umsögn um tillögu til þingsályktunar um vestnorrænt samstarf og íslenska nærsvæðastefnu, 49. mál.

Beiðni ykkar um umsögn Norræna félagsins varðandi ofanefnt málefni var lögð fyrir á fundi framkvæmdarráðs félagsins, föstudaginn 10. maí 2002.

Formaður og framkvæmdaráð lýstu ánægju sinni með tillöguna og telja að tímabært sé að styðja betur við vestnorrænt samstarf og íslenska nærsvæðastefnu. Hvatt er til þess að tillagan verði samþykkt.

Norræna félagið óskar eftir því að það verði haft í huga þegar verkefni verða sett í framkvæmd, en núverandi verkefni félagsins eru mjög tengd þeim verkefnum sem rætt er um í tillögunni. Má þar nefna vinabæjastarfið, umhverfisverkefni félagsins “Svona gerum við” á 80 ára afmælisári þess sem er í ár, Snorraverkefnið o.m.fl. Auk þess hefur félagið afar víðtækt tengslanet sem getur komið að góðum notum.

Reykjavík 15. maí 2002

F.h. formanns og framkvæmdaráðs Norræna félagsins,

Esther Sigurðardóttir  
skrifstofustjóri